



Fundur velferðar- og fræðslunefndar

26. Fundur velferðar- og fræðslunefndar Langesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langesbyggðar að Langesvegi 2, **mánudaginn 5. maí 2025 kl. 14:30.**

Mætt voru: Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Þórarinn Þórisson og Bjarnheiður Jónsdóttir ritaði fundagerð.

Áheyrnarfulltrúar: Hilma Steinarsdóttir skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn, Halldóra J. Friðbergisdóttir leikskólastjóri Barnabóls (í fjarfundi), Hjördís Matthildur Henriksen fyrir kennara leikskólans, Magdalena Zawodna fyrir kennara grunnskólans, Steinunn Guðnadóttir tengiliður farsældra barna og Jóhanna Ósk Guðmundsdóttir fyrir foreldrafélag leikskólans Barnabóls.

Fundargerð

Fræðslu- og velferðarmál

1. Heimsókn verkefnastjóra farsældar barna Þorleifs Kr. Níelssonar.

Þorleifur er starfsmaður SSNE sem vinnur að innleiðingu farsældarlaga á Norðurlandi eystra samkvæmt lögum um svæðisbundin farsældarráð. Hann fór yfir verkefni sín og næstu skref.

2. Rekstur Grunnskólans 2024

Hilma Steinarsdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn, fór yfir lykiltölur í rekstri grunnskólans 2024. Rekstur grunnskólans er í jafnvægi og heildar rekstarniðurstaða undir áætlun sem má rekja meðal annars til undirmönnunar á vorönn.

3. Rekstur Barnabóls 2024

Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, leikskólastjóri Barnabóls, fór yfir lykiltölur í rekstri leikskólans 2024. Almenn tölur leikskólans 3. milljónir yfir áætlun en hækkunina má rekja til hækkunar á matvöru og ráðinn var starfsmaður í hlutastarf í stoðþjónustu.

4. Skólapúlsinn – Niðurstöður foreldra- og starfsmannakannana Barnabóls

Leikskólastjóri fer yfir niðurstöður foreldra og starfsmannakannana skólapúlsins á Barnabóli árið 2024.

Bókun: Niðurstöður könnunar foreldra kom vel út þátt fyrir lækkun frá síðustu könnun.



Foreldrar setja helst út á útisvæði leikskólans. Starfsmannakönnunin kom mjög vel út.

Samþykkt samhljóða.

5. Skólapúlsinn – Niðurstöður starfsmannakönnana Grunnskólans.

Skólastjóri fer yfir niðurstöður starfsmannakönnunar skólapúlsins í Grunnskólanum á Þórshöfn 2024.

Bókun: Niðurstöður könnunarinnar gefa til kynna að starfsmenn grunnskólans eru almennt mjög ánægðir í starfi en þó mætti starfsmannaaðstaða grunnskólans vera betri.

Samþykkt samhljóða.

6. Skýrsla leikskólastjóra Barnabóls

Gengur vel hjá okkur. Ég auglýsti eftir matráð í móttökueldhús og ræstingu og fékk þrjár flottar umsóknir. Halla Rún Halldórsdóttir var ráðin. Enginn leikskólakennari sótti um hjá okkur og því mun ég endurráða þá leiðbeinendur sem ég hef og auka starfshlutfall Jódísar í 100% vegna fjölgunar yngri barna hjá okkur.

Starfsmannakönnun skólapúlsins kom frábærlega út og ég mjög stolt af þeirri niðurstöðu, sem sýnir m.a. að starfsfólkinu líður mjög vel í vinnunni.

7. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

Vortónleikar Tónlistarskóla Langesbyggðar fóru fram 1. maí, eftir tónleika bauð Verkalýðsfélag Þórshafnar upp á kökuhlaðboð í tilefni verkalýðsdagsins. Aneta formaður þakkaði nemendum vel fyrir og tilkynnti að VÞ myndi vilja gefa Tónlistarskóla Langesbyggðar 200.000 kr og þökkum við kærlega fyrir það.

Seinni heimsókn Ævars Þórs Benediktssonar og verkefnavinna í tengslum við verkefnið Tungubrestur og listsköpun fór fram dagana 22. og 23. apríl. Vinnan fór fram á Bakkafirði og var það skemmtileg tilbreyting og gekk vel. Eftir þá vinnu liggja fyrir níu sögur sem verður áfram unnið með og verða þær til sýnis á hátíðinni Grásleppan sem fram fer á Bakkafirði 31. maí.

10. bekkur er nú á leiðinni til Portúgal í útskriftarferð, þar verða þau í fimm daga. Árni Davíð (kennari) og Jón Rúnar (foreldri) fóru með hópnum.

Miðstig heimsótti Öxarfjarðarskóla síðastliðinn miðvikudag. Þar tókum við þátt í skákmóti og voru tefldar fjórar umferðir. Við enduðum daginn á hópeflisleikjum og góðum hádegisverði. Þetta var góður dagur og vel tekið á móti okkur.

Nú á miðvikudag fara 5. - 9. bekkur á Vopnafjörð og taka þar þátt í smiðjum á vegum háskólalestarinnar.



Stjórn nemendafélagsins ætlar að gefa öllum nemendum peysu merкта skólanum, þau hafa verið mjög dugleg að safna í vetur og eiga fyrir því.

Skólaferðalög og þemadagar þar sem þemað er fuglar fara fram síðustu tvær vikur í maí og skóla verður slitið föstudaginn 30. maí.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 16:10.